

Orlof húsmæðra

Kt. 590706-1590

Ársreikningur 2023

*Hjá Maddý ehf.
Eyrarvegur 27
800 Selfoss*

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Orlof húsmæðra byggir á lögum nr. 53 / 1972.

Stærsta verkefni Orlofs húsmæðra er að koma á fót og sjá um Orlof húsmæðra í samræmi við lög og reglur.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Orlofs húsmæðra staðfestir hér með ársreikning félagsins vegna ársins 2023 með áritun sinni.

Selfossi 14. febrúar 2024

Áritun skoðunarmanna.

Við kjörnir skoðunarmenn fyrir Orlof húsmæðra hefur yfirfarið ársreikning félagsins ársins 2023. Við höfum skoðað bókhald félagsins og sannreynt bankainnistæður.

Við höfum ekkert fundið athugasemdir og leggjum til að reikningarnir verði samþykktir.

Selfossi 27. febrúar 2024

Waldur Þorvaldursson

Bóli Sigurðsson

Áritun skoðunarmanns

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Orlof húsmæðra, árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum.

Við gerð ársreiknings gerðum við athuganir á bókhaldsgögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Selfossi 14. febrúar 2024

Hjá Maddý ehf.


Margrét Katrín Erlingsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Tekjur frá sveitarfélögum		3.550.350	3.086.140
Innborguð staðfestingargjöld,		<u>3.557.400</u>	<u>2.280.000</u>
		7.107.750	5.366.140
Rekstrargjöld			
Póstburðargjöld		4.350	3.975
Ritföng		767	538
Auglýsingar		194.466	132.330
Hótel		6.021.631	5.143.800
Rúta		300.000	286.000
Annar kostnaður v. Orlofs		394.616	635.670
Fundarkostnaður		20.470	12.000
Styrkir í önnur orlof		80.000	90.000
Reikningsskil		<u>56.180</u>	<u>56.180</u>
		7.072.480	6.360.493
Rekstrarhagnaður		35.270	(994.353)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		136.279	38.099
Bankakostnaður		<u>(29.982)</u>	<u>(11.558)</u>
		106.297	26.541
Hagnaður (tap) ársins		141.567	(967.812)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
Veltufjármunir			
0325-26-175		290.568	193.567
0325-13-300902		1.730.329	1.595.256
0152-15-380945 minningasjóður		308.816	294.206
Sjóður		4.883	110.000
		<u>2.334.596</u>	<u>2.193.029</u>
Eignir samtals		<u>2.334.596</u>	<u>2.193.029</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi tímabils		2.193.029	3.160.841
Rekstrarhagnaður (rekstartap)		141.567	(967.812)
		<u>2.334.596</u>	<u>2.193.029</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.334.596</u>	<u>2.193.029</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>

Orlof húsmæðra rekstur 2023

tekjur

Hrunamannahr.	123.243
Bláskógabyggð	180.493
Flóahreppur	99.835
Ásahreppur	41.598
Ölfus	362.819
Grímsnes	75.440
Árborg	1.584.811
Rangárþing ytra	263.125
Rangárþing eystra	286.955
Skeiða og Gnúpverjahr.	81.363
Hveragerði	450.668

3.550.350

Innb.þáttgj.	3.597.400	(40.000)	3.557.400
--------------	-----------	----------	------------------

Vaxtatekjur	114.044	3.504	18.731		136.279
-------------	---------	-------	--------	--	----------------

Gjöld:

					samtals
Rúta	300.000				300.000
Hótel Örk	6.021.631				6.021.631
Hlynur	130.000				130.000
Prentun/auglýsingar	62.000	44.671	16.120	71.675	194.466
bingóvinningar	37.826				37.826
fundakostnaður	8.320	5.150	7.000		20.470
ritföng	767				767
frímerki	4.350				4.350
Kostnaður orlof	70.000	25.000	127.500		222.500
kostnaður banki	1.849	38	1.453	950	4.290
Styrkur í önnur orlof	80.000				80.000
Reikningsskil	56.180				56.180
fjármagnstekjusk.	25.090	771	4.121		29.982

7.102.462

Til sveitastjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu

03.05.2024

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf. Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð“.

Upphæð orlofsgreiðslu fyrir árið 2024, miðast við íbúafjölda 1. janúar 2024 skv. upplýsingum af heimasíðu Þjóðskrár. Talan sem reiknað er út frá, árið 2024 er kr. 150,31.-

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda Velferðarráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er reikningur til þeirra sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu sem greiða skulu orlof, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2023 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Með vinsemd og virðingu



Erla Þorsteinsdóttir

gjaldkeri orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Afrit af bréfi þessu sent til:

*Kvenfélagasambands Íslands
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sambands sunnlenskra kvenna
Félags og vinnumarkaðsráðuneytið*

Skýrsla orlofsnefndar 2023

Orlofsnefndin kom saman fjórum sinnum á árinu 2023 til skipulagningar og ráðagerða, en þess utan voru mikil tölvusamskipti. Þar eð fyrri orlofsdagar á Hótel Örk höfðu heppnast vel, var ákveðið að vera þar aftur. Eftir að búið er að ákveða dagsetningar og semja við hótelið felst vinna nefndarinnar í því að útbúa auglýsingar og koma þeim í blöðin, taka við pöntunum og halda utan um þær sem og greiðslur og ekki síst að raða öllum konunum niður í herbergi við hæfi hverrar og einnar. Einnig þarf að ákveða matseðil, skipuleggja dagskrá hvers dags, fá utanaðkomandi aðila til að hafa fræðsluerindi og skemmtiatriði, afla bingóvinninga, skipuleggja dagsferð og panta rútur fyrir hana, semja við fyrirtæki og veitingastaði.

88 konur tóku þátt í húsmæðraorlofinu 24.- 28. september 2023 og tókst það mjög vel. 85 konur fóru í dagsferðina en þá voru íbúðir aldraðra í Þorlákshöfn skoðaðar, stoppað í Strandarkirkju, hádegisverður snæddur í Grindavík og síðan fengum við leiðsögn um bæinn og út á Garðskaga þar sem byggðasafnið við vitann var skoðað. Eftir atburði síðustu vikna er dýrmætt að hafa fengið slíka kynningu á Grindavík.

Mannabreytingar urðu í nefndinni á árinu þar sem Elín Jónsdóttir lét af störfum og inn kom Rósalind Ragnarsdóttir. Þökkum við Elínu mjög farsælt og ánægjulegt samstarf.

F.h. orlofsnefndar,
Arndís Fannberg.

Íbúafjöldi miðast við 1. janúar 2024 skv. upplýsingum Þjóðskrár

	íbúafjöldi	viðmiðunartala	heildarupphæð
Árborg	11.565	150,31	1.738.335
Flóahreppur	699	150,31	105.067
Bláskógabyggð	1.322	150,31	198.710
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	591	150,31	88.833
Grímsnes- og Grafningshreppur	539	150,31	81.017
Sveitarfélagið Ölfus	2.631	150,31	395.466
Hveragerðisbær	3.265	150,31	490.762
Hrunamannahreppur	865	150,31	130.018
Rangárþing ytra	1.867	150,31	280.629
Rangárþing eystra	2.007	150,31	301.672
Ásahreppur	293	150,31	44.041
Samtals	25.644		3.854.550